



Embættistaka forseta Íslands

1. ágúst 2016

Helgistund í Dómkirkjunni

Forspil – innganga: Engladans

eftir Báru Grímsdóttur

Signing og bæn

Víst ertu, Jesús, kóngur klár,
kóngur dýrðar um eilíf ár
kóngur englanna, kóngur vor,
kóngur almættis tignarstór.

Frelsaður kem ég þá fyrir þinn dóm,
fagnaðarsælan heyri' eg róm.
Í þínu nafni útvaldir
útvalinn kalla mig hjá sér.

Ó, Jesús, það er játning mín,
ég mun um síðir njóta þín,
þegar þú, dýrðar Drottinn minn,
dómstól í skýjum setur þinn.

Kóng minn, Jesús, ég kalla þig,
kalla þú þræl þinn aftur mig.
Herratign enga' að heimsins sið
held ég þar mega jafnast við.

Jesús, þín kristni kýs þig nú,
kóngur hennar einn heitir þú.
Stjórn þín henni svo haldi við,
himneskum náí dýrðar frið.

Hallgrímur Pétursson (Pass. 27) – íslenskt þjóðlag
úts. Páll Ísólfsson

Öll veröldin fagni fyrir Drottni!
Hallelúja, þjónið Drottni með gleði.
Hallelúja.

Því að Drottinn er góður,
miskunn hans varir að eilífu
og trúfesti hans frá kyni til kyns.

Gangið inn um hlið hans með lofsöng,
í forgarða hans með sálmum,
lofið hann, vegsamið hans nafn.

Dýrð sé Guði, föður og syni og heilögum anda.
Svo sem var í upphafi, er og verður
um aldir alda. Amen.

Davíðssálmur 100 – Egil Hovland

Kollekta

Guðspjall: Matt. 7:24-27

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

Kolbeinn Tumason – Þorkell Sigurbjörnsson

Prédikun

Einsöngur:

Úr Íslendinga dags ræðu (Þó þú langförull legðir)

eftir Sigvalda Kaldalóns og Stephan G. Stephansson

Bæn

Faðir vor

Blessun

Yfir voru ættarlandi,
aldafaðir, skildi halt.
Veit því heillir, ver það grandir,
virstu að leiða ráð þess allt.
Ástargeislum úthell björtum
yfir lands vors hæð og dal.
Ljós þitt glæð í lýðsins hjörtum,
ljós, er aldrei slökkna skal.

Steingrímur Thorsteinsson – Sigfús Einarsson

Eftirspil: Concerto í a-moll, BWV 593

eftir Bach / Vivaldi

Prédikun: Biskupinn yfir Íslandi, frú Agnes M. Sigurðardóttir
Altariþjónusta: Dómkirkjuprestarnir séra Hjálmar Jónsson og séra Sveinn Valgeirsson
Organleikur: Kári Þormar, dómorganisti
Einsöngur: Bergþór Pálsson
Kórsöngur: Dómkórinn í Reykjavík

Athöfn í Alþingishúsi

Einsöngur: Lífsbókin

eftir Bergþóru Árnadóttur og Laufeyju Jakobsdóttur

Lýst forsetakjöri og útgáfu kjörbréfs

Drengskaparheit unnið

Kjörbréf afhent

Forseti Íslands minnst fósturjarðarinnar
af svölum þinghússins

Ávarp forseta Íslands

Þjóðsöngur Íslendinga